


XTREMER



Loksins

ÍSLENSKUR JEPPI
FYRIR ERLENDAN MARKAÐ
ÍSLENSKT HUGVIT OG TÆKNI



Bilabúð Benna

VAGNHÖFÐA 23 · 112 REYKJAVÍK · SÍMI 587-0-587



XTREMER

GLÆSILEGUR AFRAKSTUR ÁRATUGA ÞRÓUNAR

XTREMER jeppinn er hápunktur áratuga þróunar Íslendinga á jeppatækni og þekkingu. Íslendingar hafa verið fumherjar í endurbótum á fjórhjóladrifsbílum í heiminum um langt skeið. Nú stígur Bílabúð Benna skrefið til fulls og kynnir **XTREMER**, fyrsta íslenska jeppann sem er hannaður og smíðaður á Íslandi með alþjóðlegan markað í huga.

XTREMER er samsettur jeppi sem byggir á bestu grunnþáttum annarra jeppa, en grindin, yfirbyggingin og innréttingin er íslensk. Kaupendur geta valið um að setja hann saman sjálfir eða fá hann samsettan.

XTREMER sameinar tvo meginþætti í jeppaþróun hérlandis. Annars vegar þá þekkingu sem skapast hefur við gerð fjalla- og jöklajeppa og hins vegar þá tækni og grunnþekkingu sem liggur að baki ótrúlegri getu torfærugrindanna.



XTREMER hefur verið lengi í undirbúningi. Benedikt Eyjólfsson hjá Bílabúð Benna sá að hugmynd Steins Sigurðssonar að bílnum var góð og tók að sér, ásamt fleirum, að gera hana að raunveruleika. Um er að ræða brautryðjendastarf á sviði bifreiðahönnunar á Íslandi. Teiknuð var grind og undirvagn

sem uppfylla ítrustu kröfur um léttleika og styrk. Í bílinn sem búið er að fullgera er notuð 4,0 lítra AMC vél úr Jeep Cherokee, úr sama bíl eru notaðar Dana hásingar og drif ásamt girkössum og stýrisgangi. Einnig verður boðin vandaðri og fullkomnari gerð með 3,6 lítra Brabus Mercedes-Benz vél (285 hestöfl) ásamt öðrum drif- og vélbúnaði úr Musso.

XTREMER er afar sérstakur og engum líkur í útliti. Þar eru fyrirmyndir sóttar til nokkurra heimsþekktara farartækja sem öll teljast til tækni-afreka samtímans. Má þar nefna bandarísku Stealth herpotuna, Lamborghini 002 ofurjeppann og Vector W-8 sportbílinn.



XTREMER

XTREMER

XTREMER verður markaðssettur um allan heim og verður megináherslan lögð á sveigjanleikann við samsetningu hans. Sömuleiðis verður lögð áhersla á hversu léttur, sterkur og sérstakur hann er. Á næstunni verða framleidd fleiri eintök af **XTREMER** meðal annars til sölu á Íslandi. Bíll-

inn verður síðan sýndur og kynntur erlendum blaðamönnum frá stærstu blöðum sem fjalla um fjórhjóladrifsbíla. Í framhaldinu verður komið á fót framleiðsluferli á Íslandi í samvinnu við leiðandi aðila á sviði tækni og fjárfestinga. **XTREMER** er kominn til að vera!

Ekki þarf að fjölyrða um það hvaða þýðingu framleiðsla á svona bíl getur haft fyrir íslenskt atvinnulíf. Reynsla okkar á þessu sviði verður nú að útflutningsvöru sem gæti borið hróður Íslands víða um heim.




*Trémódel í fullri stærð
smíðað árið 1995*



Vél:4,0L 190 hestöfl eða Mercedes-Benz Brabus 3,6L 285 hestöfl
Girkassi:4-gíra sjálfskipting eða 5-gíra beinskipting
Millikassi:Borg Warner
Drifhlutfall:4,56:1
Hásingar:Dana / Spicer
Driflæsingar:ARB handvirkar
Demparar:Rancho RS9000 stillanlegir inn í bíl
Yfirbygging:Trefjagler eða koltrefjar
Þyngd:1100 -1290 kg.
Hröðun:0-100 6,9sek (190hö) eða 4,1sek (285hö)
Hámarkshraði:190km (190hö) eða 230km. (285hö)
Dekk:35x12,5 -15 eða 38x14,5 -15
Farþegafjöldi:2+2



Aðalhönnuður XTREMER er Steininn Sigurðsson, en hann hefur unnið til alþjóðlegra verðlauna fyrir bifreiðahönnun. Steininn bar hitann og þungann af verkefninu.



Ingvar Kristinsson verkfræðingur, sem starfaði hjá löntæknistofnun Íslands hefur verið verkefnisstjóri XTREMER frá byrjun.



Benedikt Eyjólfsson er stofnandi Bílabúðar Benna, en það fyrirtæki hefur í yfir 20 ár verið leiðandi í breytingum á bílum fyrir íslenskar aðstæður, sem vakið hafa athygli um allan heim.



**Bílabúð
Benna**

Steinn Sigurðsson

löntæknistofnun